



Reykjavík 8. maí 2013

**Eftirfylgni vegna athugunar á tilteknum þáttum í starfsemi Arctica Finance hf.**

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar, dags. 7. mars 2012, þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem stofnunin taldi að þörfuðust úrbóta í framhaldi af athugun á tilteknum þáttum í starfsemi Arctica Finance hf. (hér eftir Arctica).

Í gagnsæistilkynningunni kom fram að í september 2012 hefði Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni með skýrslu eftir að Arctica hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Fjármálaeftirlitið fór fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni og beindi tilmælum til Arctica um að bæta þar úr. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að stjórn Arctica fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila greinargerð þar að lútandi.

Greinargerð innri endurskoðanda hefur nú borist. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að Arctica hafi brugðist við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.

Fyrri tilkynningu má nálgast [hér](#).